

## D ó m s o r ð:

Landamerki milli Stóra-Botns og Litla-Botns skulu vera um Litlu-Botnsá, frá því að áin fellur úr Stóru-Krókartjörn og niður í ós í Stóru-Botnsá, en þaðan ráði Stóra-Botnsá til sjávar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1984.

Nr. 222/1984.

**Dómsmálaráðherra**

**f.h. Landhelgisgæslu Íslands**

gegn

**Hálfðáni Henryssyni**

Kærumál. Fyrirsvar í dómsmáli. Vitni.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Eggert Óskarsson borgardómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í c lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru hinn 17. október 1984, er barst Hæstarétti 13. þ.m. Báðir aðiljar hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá lund að Benedikt Guðmundsson gefi skýrslu fyrir dómi sem vitni í bæjarþingsmálinu nr. 3212/1984: Hálfðán Henrysson gegn Landhelgisgæslu Íslands.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með stefnu, dags. 8. maí 1984, höfðaði varnaraðili mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur sóknaraðilja til greiðslu á 6.695.00 krónum ásamt nánar tilteknum dráttarvöxtum frá 21. október 1983 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar. Fjárfrafa þessi er í stefnunni sögð vera vangoldið svonefnt biðkaup

varnaraðilja sem stýrimanns hjá Landhelgisgæslunni fyrir dagana 9.-18. október 1983. Er kröfugerð þessi talin reist á kjarasamningi milli stéttarfélags hans, Stýrimannafélags Íslands, og Landhelgisgæslu Íslands, dags. 12. ágúst 1982.

Sóknaraðili krafðist sýknu af framangreindri fjárkröfu með skirskotun til þess, að varnaraðili teldist hafa verið í orlofi umrædda daga og ætti því ekki rétt til biðkaups fyrir þann tíma.

Á dómþingi 15. október sl. kom varnaraðili fyrir bæjarþingið og gaf aðiljaskýrslu. Að því loknu beiddist sóknaraðili þess, að tekin yrði vitnaskýrsla af Benedikt Gunnari Guðmundssyni, starfsmannastjóra Landhelgisgæslunnar. Af hálfu varnaraðilja var því mót-mælt, að starfsmannastjórinn kæmi fyrir dóminn til vitnisburðar, enda væri staða hans slík, að líta bæri á hann sem talsmann Landhelgisgæslunnar, er gefið gæti aðiljaskýrslu, en ekki borið vitni í málinu. Tók dómariinn ágreining þennan því næst til úrskurðar. Kvað hann samdægurs upp svofelldan úrskurð án forsendna um ágreiningsefnið:

„Mætti, Benedikt Guðmundsson, hefur aðilastöðu varnarmegin í máli þessu.“

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 25/1967 fer forstjóri, er forseti skipar, með stjórn Landhelgisgæslu Íslands, en undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, sbr. 2. gr. laganna. Starfsmannastjóri Landhelgisgæslunnar er ekki til þess bær samkvæmt greindum lögum eða ákvæðum annarra laga að vera í fyrirsvari fyrir Landhelgisgæsluna í dómsmáli. Er honum ekki heldur stefnt til fyrirsvars í dómsmáli því, sem hér er um að tefla. Verður því að líta svo á, að Benedikt Gunnar Guðmundsson starfsmannastjóri geti ekki komið fyrir dóm til að gefa aðiljaskýrslu samkvæmt ákvæðum 115. gr. laga nr. 85/1936 í bæjarþingsmáli þessu, heldur verði hann aðeins kvaddur til skýrslugjafar eftir þeim reglum, sem gilda um vitni.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 3.000.00 krónur í kærumálskostnað.

#### D ó m s o r ð:

Skýrsla sú, er Benedikt Gunnar Guðmundsson gefur um málsatvik í framangreindu bæjarþingsmáli, skal tekin af honum sem vitni í málinu.

Varnaraðili, Hálf dán Henrysson, greiði sóknaraðilja, dóms-  
málaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands, 3.000.00 krónur í  
kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21.nóvember 1984.

Nr. 53/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Vilhjálm Kristni Garðarssyni**

**Viktóri Scheving Ingvarssyni og**

**Eliasi Bjarnhéðni Bjarnhéðinssyni**

(Jón Hjaltason hrl.)

Áfengislög. Lögreglusamþykkt. Sýknað af ákæru um brot gegn  
209. gr. alm. hegningarlaga.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason,  
Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu  
2. mars 1984. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. apríl. Af hálfu  
ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Við flutning málsins  
fyrir Hæstarétti hefur ríkissaksóknari gert þá varakröfu, að atferli  
ákærðu verði talið varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr.  
82/1969 og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmanna-  
eyjar nr. 320/1979. Hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með  
tilliti til þess.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta  
þá niðurstöðu, að ákærðu hafi gerst sekir um atferli það, sem þeim  
er gefið að sök. Þykir það varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga,  
sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 8. gr., sbr. 72. gr. lögreglusamþykkt-  
ar fyrir Vestmannaeyjar, sbr. 17. gr. laga nr. 75/1982, en framan-  
greindum ákvæðum lögreglusamþykktar má beita skv. 118. gr. laga